

# STJÓRNARTÍÐINDI B 39 — 1980

11. júní 1980.

683

Nr. 420.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki  
(neuro trop Virus) og kýlapestar (Bact. Purificiens)  
í sauðfé, nr. 110 18. júlí 1957.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Óheimilt er að selja eða flytja sauðfé til lífs eða dvalar frá bæjum eða úr húsum þar sem riðuveiki eða kýlapest hefur verið staðfest. Sama gildir um flutning á fullorðnu fé frá bæjum sem lausir eru við fjárpestir þessar til þeirra býla eða staða, þar sem sjúkdómar þessir hafa verið staðfestir.

Einnig er óheimill flutningur á heyi, húsdýraáburði og túnþökum yfir varnar-  
línur sem og á milli sveita á sýktum svæðum.

Kostnaður sem kann að leiða af bönnum þessum bætist ekki af ríkissjóði.

Undanþágur frá bönnum þessum getur Sauðfjársjúkdómanefnd þó gefið að fengnu álíti yfirdýralæknis.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. júní 1980.*

**Pálmi Jónsson.**

*Haukur Jörundarson.*

1. júlí 1980.

Nr. 421.

## AUGLÝSING

um vaxtakjör á skuldabréfum sem lífeyrissjóðum er skylt að  
kaupa skv. 3. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1980 nr. 50/1980.

Með vísan til 3. mgr. 3. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1980 nr. 50 6. júní 1980 skulu vextir af verðtryggðum skuldabréfum, sem viðurkenndum lífeyrissjóðum er skylt að kaupa skv. 1. mgr. tilvitnaðra laga af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Framkvæmdasjóði Íslands og öðrum fjárfestingarlánasjóðum, vera 3.25% á ári.

Ákvörðun þessi tekur til skuldabréfakaupa sem fara fram eftir 1. júlí 1980.

*Fjármálaráðuneytið, 1. júlí 1980.*

**F. h. r.**

**Höskuldur Jónsson.**

*Gunnlaugur M. Sigmundsson.*